

Leiðbeiningar fyrir yfirkjörstjórnir kjördæma

Undirbúningur og framkvæmd forsetakosninga



Innihald

| | |
|--|----|
| Inngangur | 3 |
| Skipun og hlutverk yfirkjörstjórna kjördæma | 3 |
| Hæfi kjörstjórnarmanna..... | 3 |
| Varamenn í yfirkjörstjórn..... | 4 |
| Fundargerðir | 4 |
| Hlutverk yfirkjörstjórna kjördæma í forsetakosningum | 4 |
| Kostnaður vegna framkvæmdar kosninga | 5 |
| Framkvæmd kosninga | 5 |
| Undirbúningur fyrir kjördag | 5 |
| Aðsetur kjörstjórnar og húsnæði fyrir talningu | 5 |
| Persónuverndarstefnur og fundarreglur yfirkjörstjórna..... | 6 |
| Starfsfólk | 6 |
| Utankjörfundarkosning | 6 |
| Skilríki fyrir umboðsmenn | 6 |
| Kjörgögn og önnur aðföng við kosningar | 7 |
| Geymsla og flutningur á kjörgögnum fyrir kjördag | 7 |
| Innsigli | 7 |
| Afhending kjörgagna fyrir flokkun atkvæða..... | 8 |
| Tölur um kjörsókn | 8 |
| Afhending kjörgagna að loknum kjörfundi | 8 |
| Flokkun og talning atkvæða og frágangur að lokinni talningu..... | 8 |
| Úrslit kosninga..... | 8 |
| Úrskurðarnefnd kosningamála..... | 8 |
| Umboðsmenn | 8 |
| Óleyfilegur kosningaáróður og kosningaspjöll..... | 9 |
| Bókanir í gerðabækur..... | 11 |

Inngangur

Þetta rit er leiðarvísir fyrir yfirkjörstjórnir kjördæma um undirbúning og framkvæmd forsetakosninga. Leiðbeiningarnar styðjast við gildandi lög, reglugerðir, reglur og fyrirmæli. Í leiðbeiningunum er að finna ýmsa gátlista og sett fram viðmið og ábendingar um góða starfshætti yfirkjörstjórna. Ef það er munur á því sem stendur í lögum, reglugerðum, reglum, fyrirmælum eða öðru og því sem hér stendur þá ganga þau alltaf framur en þessar leiðbeiningar.

Landskjörstjórn hefur yfirumsjón með framkvæmd kosningalaga og veitir yfirkjörstjórnnum kjördæma, yfirkjörstjórnnum sveitarfélaga, sveitarfélögum og kjörstjórnnum stuðning og ráðgjöf í aðdraganda kosninga og á kjördag.

Hægt er að hafa samband við landskjörstjórn:

- postur@landskjorstjorn.is
- sími: 540 7500

Upplýsingar um forsetakosningar er að finna á vefsíðunni kosning.is.

Landskjörstjórn er með Teams-svæði fyrir yfirkjörstjórnir. Hafið samband á postur@landskjorstjorn.is ef ykkur vantar aðgang. Yfirkjörstjórnir eru hvattar til að nota það svæði til samskipta og þar mun landskjörstjórn m.a. setja inn upplýsingar fyrir yfirkjörstjórnir.

Skipun og hlutverk yfirkjörstjórna kjördæma

Í hverju kjördæmi við alþingiskosningar, forsetakosningar og þjóðaratkvæðagreiðslur er yfirkjörstjórn sem hefur umsjón með kosningum í kjördæminu. Yfirkjörstjórnir kjördæma eru kosnar af Alþingi eftir hverjar almennar þingkosningar og skipuð fimm mönnum og jafnmörgum til vara. Hver kjörstjórn kýs sér sjálf oddvita.¹ Yfirkjörstjórnir kjördæma eru sjálfstæðar í störfum sínum og ákvörðunum og landskjörstjórn hefur ekki boðvald yfir þeim.

Hlutverk yfirkjörstjórna kjördæma breyttist töluvert með nýjum kosningalögum. Ein helsta breytingin var sú að móttaka á framboðum og staðfesting á þeim fluttist frá yfirkjörstjórnnum til landskjörstjórnar.

Dómsmálaráðuneytið ákveður þóknun yfirkjörstjórna.

Hæfi kjörstjórnarmanna

Ákvæði um hæfi í kosningalögum hefur verið breytt frá síðustu sveitarstjórnarkosningum. Nú gildir það að kjörstjórnarmaður skal víkja sæti ef til úrskurðar er mál:

- a) er varðar maka hans eða sambúðarmaka, enda sé sambúðin skráð í þjóðskrá, eða þann sem er skyldur honum eða mægður í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar eða tengdur honum með sama hætti við ættleiðingu, eða
- b) ef að öðru leyti en greinir í a-lið eru fyrir hendi þær aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans í efa með réttu.

¹ 16. gr. kosningalaga nr. 112/2021

Yfirkjörstjórnir kjördæma taka fyrst og fremst til úrskurðar mál er koma upp við **talningu atkvæða**. Við þær aðstæður þarf að hafa í huga hvort a) eða b) liður 18. gr. kosningalaga geti átt við um yfirkjörstjórnarmenn. Sé niðurstaðan sú að yfirkjörstjórnarmaður skuli víkja sæti, er rétt að kalla til varamann hans.

Ef kjörstjórnarmaður telur einhver þau atvik vera fyrir hendi að vera hans í kjörstjórn geti orkað tvímælis er rétt að hann skoði hvort betra sé að víkja sæti við þær kosningar þótt það sé ekki skilyrði í skilningi kosningalaga. Ágreiningi um hæfi kjörstjórnarmanns til að úrskurða í máli má skjóta til úrskurðarnefndar kosningamála.²

Varamenn í yfirkjörstjórn

Ávallt skal boða varamann á fundi yfirkjörstjórna í forföllum aðalmanns.

Mikilvægt er að varamenn séu tiltækir til þess að koma inn í störf yfirkjörstjórna ef þarf, t.d. við talningu ef aðalmaður þarf að víkja sæti vegna vanhæfis.

Ef einstaklingur hættir í yfirkjörstjórn þarf hann að tilkynna það til Alþingis sem kýs nýjan aðila í kjörstjórn.

Fundargerðir

Allar kjörstjórnir skulu halda fundargerðir og bóka gerðir sínar.³

Í fundargerð skal eftirfarandi koma fram:

1. Fundartími og fundarstaður.
2. Nafn fundarritara.
3. Nöfn viðstaddra fulltrúa kjörstjórnar, varamanna þeirra, áheyrnarfulltrúa og annarra þeirra sem fund sitja sem og viðverutíma.
4. Dagskrármál sem tekin eru fyrir og niðurstaða þeirra.
5. Upplýsingar sem kjörstjórn óskar eftir að bókaðar séu í fundargerð.
6. Bókanir fulltrúa, áheyrnarfulltrúa eða annarra þeirra sem rétt eiga að lögum til bókunar.
7. Lok fundar.

Skrifa má undir fundargerðir rafrænt eða eigin hendi beint í gerðabók. Ef fundargerðir eru skrifaðar í tölvu skulu þær prentaðar út og undirrituð eintök færð í gerðabók.⁴

Hlutverk yfirkjörstjórna kjördæma í forsetakosningum

Yfirkjörstjórn hefur umsjón með kosningum í viðkomandi kjördæmi samkvæmt fyrirmælum kosningalaga. Meginhlutverk yfirkjörstjórna kjördæma í forsetakosningum er tvíþætt:

- Tryggja dreifingu á kjörgögnum og öðrum aðföngum til yfirkjörstjórna sveitarfélaga í sínu kjördæmi, tímanlega fyrir kjördag og með öruggum og rekjanlegum hætti.
- Bera ábyrgð á framkvæmd talningar á atkvæðum í sínu kjördæmi.

² 18. gr. kosningalaga nr. 112/2021

³ 20. gr. kosningalaga nr. 112/2021

⁴ 4. gr. reglna um gerðabækur kjörstjórna og innsigli við kosningar nr. 1661/2023

Yfirkjörstjórn kjördæmis ræður starfsfólk sér til aðstoðar við kosningar. Ekki er skylt að auglýsa þau störf. Yfirkjörstjórn kjördæmis getur falið starfsfólki sveitarfélaga störf í tengslum við framkvæmd kosninga⁵.

Kostnaður vegna framkvæmdar kosninga

Kostnaður við kosningar er greiddur af fjárlagalið kosninga sem landskjörstjórn hefur umsjón með. Landskjörstjórn endurgreiðir útlagðan kostnað og akstur vegna undirbúnings og framkvæmdar kosninga. Formaður yfirkjörstjórnar samþykkir reikninga fyrir yfirkjörstjórnir, tekur þá saman og sendir landskjörstjórn til greiðslu. Til kostnaðar teljast t.a.m. matarinnkaup fyrir starfsfólk við talningu, gisting, ritföng o.s.frv.

Pegar um er að ræða stærri skuldbindingar, t.d. húsaleigu á talningarstað, flutning atkvæða o.s.frv. skal láta senda rafrænan reikning á landskjörstjórn. Formaður yfirkjörstjórnar skal samþykkja slíka reikninga og á þeim skulu koma fram upplýsingar um tegund þeirrar vöru eða þjónustu sem um er að ræða og um hvaða yfirkjörstjórn ræðir.

Fyrir minni innkaup getur formaður yfirkjörstjórnar fengið greiðslukort til afnota. Skilyrði fyrir samþykki greiðslu er að kvittun fylgi þar sem kennitala landskjörstjórnar (550222-0510) kemur fram.

Framkvæmd kosninga

Undirbúningur fyrir kjördag

Yfirkjörstjórn viðkomandi kjördæmis hefur umsjón með kosningum í kjördæminu. Í því felst m.a. að eiga samtal við yfirkjörstjórnir sveitarfélaga og fylgjast með undirbúningi og framkvæmd þeirra.

Yfirkjörstjórn kjördæmis þarf að hefja undirbúning fyrir kjördag með góðum fyrirvara en fyrstu verkefnin snúa að því að tryggja hentugt húsnæði fyrir talningu, aðsetur yfirkjörstjórnar á kjördag og ráða starfsfólk.

Aðsetur kjörstjórnar og húsnæði fyrir talningu

Yfirkjörstjórn þarf að velja sér hentugt húsnæði sem verður aðsetur hennar á kjördag. Í því húsnæði getur talning einnig farið fram.

Gott er að hafa ýmis atriði í huga varðandi húsnæði fyrir talningu, svo sem:

- að rýmið sé rúmgott og aðkoma að því sé greið,
- að þar séu rými sem hægt er að læsa og innsigla (t.d. fyrir flokkun atkvæða og ef hlé er gert á talningu),
- að hægt sé að takmarka aðgengi,
- að umboðsmenn geti fylgst með talningu,
- aðstöðu fyrir starfsfólk til að nærast og hvílast

Yfirkjörstjórn skal auglýsa a.m.k. sjö dögum fyrir kjördag hvar og hvenær talning atkvæða í kosningum fari fram. Auglýsinguna skal birta á vef landskjörstjórnar og víðar, s.s. í fjölmiðlum, ef yfirkjörstjórn ákveður. Yfirkjörstjórnir þurfa að senda landskjörstjórn upplýsingar um aðsetur sitt á kjördag og hvar talning fari fram eigi síðar en 23. maí nk. svo hægt sé að birta auglýsinguna á kosning.is.

⁵ 4. mgr. 16 gr. kosningalaga nr. 112/2021

Persónuverndarstefnur og fundarreglur yfirkjörstjórna

Yfirkjörstjórnir kjördæma vinna með persónuupplýsingar og því mikilvægt að vinnsla þeirra sé í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018, því er æskilegt að yfirkjörstjórnir setji sér persónuverndarstefnu. Þær þurfa einnig að setja sér fundarreglur.

Landskjörstjórn hefur látið gera fundarreglur, persónuverndarstefnu fyrir yfirkjörstjórnir, handbók um meðferð persónuupplýsinga, vinnsluskrá og form fyrir öryggisbresti. Gögnin eru aðgengileg inn á Teams-svæði yfirkjörstjórna. Yfirkjörstjórnir eru hvattar til að kynna sér þessi gögn og tilkynna landskjörstjórn sé stefnan samþykkt.

Landskjörstjórn mun birta persónuverndarstefnuna á vef sínum sem og handbók um meðferð persónuupplýsinga og upplýsingar um þær yfirkjörstjórnir sem hafa samþykkt stefnuna.

Starfsfólk

Yfirkjörstjórn þarf að ráða allt starfsfólk sem vinnur að flokkun og talningu og starfsfólk sem vinnur ýmis önnur verk. Æskilegt er að ráða starfsfólk sem hefur reynslu af talningu og mikilvægt er að þjálfa vel nýtt starfsfólk.

Landskjörstjórn greiðir laun starfsfólks við talningu og því mikilvægt að yfirkjörstjórn haldi skrá með nöfnum, kennitölum og reikningsupplýsingum svo hægt sé að greiða laun.

Yfirkjörstjórn metur hvort ráða þurfi annað starfsfólk, t.d. til aðstoðar yfirkjörstjórn eða við akstur.

Landskjörstjórn gefur út viðmið um tímavinnugjald, enda er mikilvægt að gætt sé jafnræðis við greiðslur á milli yfirkjörstjórna.

Utankjörfundarkosning

Sýslumenn bera ábyrgð á framkvæmd utankjörfundarkosningar innanlands. Kjörstjórar og kjöræðismenn sjá um framkvæmd kosningar erlendis.

Utankjörfundaratkvæði skulu send til kjörstjórnar þess sveitarfélags þar sem kjósandi er á kjörskrá sem varðveitir þau, flokkar og afhendir kjörstjórnnum í viðeigandi kjördeilum.

Utankjörfundaratkvæði koma síðan til talningar með öðrum atkvæðum.

Skilríki fyrir umboðsmenn

Yfirkjörstjórn hvers kjördæmis gefur út skilríki fyrir umboðsmenn og aðstoðarmenn þeirra í kjördæmi sínu. Landskjörstjórn hefur útbúið sniðmát fyrir yfirkjörstjórnir sem má nota og plastvasa utan um þau.

Umboðsmenn eiga alltaf að bera skilríkin við störf sín. Þannig geta bæði kjörstjórnir og kjósendur áttað sig á hverjir eru umboðsmenn á kjörstað eða talningarstað.

Vakin er athygli á því að þótt að á skilríkjum umboðsmanna komi fram nafn þess framboðs sem þeir starfa fyrir þá telst það **ekki** áróður á kjörstað.⁶

⁶ 3. mgr. 4. gr. reglugerðar um óleyfilegan kosningaáróður, kosningaspjöll og aðra starfsemi sem truflar eða hindrar framkvæmd kosninga nr. 444/2024.

Kjörgögn og önnur aðföng við kosningar

Landskjörstjórn afhendir yfirkjörstjórnnum kjördæma kjörseðla og önnur kjörgögn.

Um kjörgögn, meðhöndlun þeirra o.fl. er fjallað í [reglugerð um kjörgögn og önnur aðföng við kosningar o.fl. nr. 500/2024](#) og eru yfirkjörstjórnir hvattar til að kynna sér reglugerðina vel.

Kjörgögn og önnur aðföng sem landskjörstjórn afhendir yfirkjörstjórnnum er eftirfarandi:

- Kjörseðlar
- Innsigli
- Atkvæðaumslög fyrir:
 - utankjörfundaratkvæði sem ekki eru tekin til greina,
 - utankjörfundaratkvæði sem ágreiningur er um hvort séu gild,
 - óvistuð atkvæði og
 - ónýta kjörseðla.
- Umslög fyrir ágreiningsseðla milli yfirkjörstjórna og umboðsmanna
 - Umslög fyrir atkvæðaseðla sem yfirkjörstjórn hefur úrskurðað **gilda**
 - Umslög fyrir atkvæðaseðla sem yfirkjörstjórn hefur úrskurðað **ógilda**
- Umslög fyrir atkvæðaseðla sem ágreiningur er um **innan** kjörstjórnar
- Veggspjöld með leiðbeiningum um kosningarnar
- Símar til að skanna stafræn ökuskírteini
- Yfirlitshefti yfir lög, reglugerðir o.fl.
- Blindraspjöld, lágmark eitt á kjörstað.
- Ýmis eyðublöð

Geymsla og flutningur á kjörgögnum fyrir kjördag

Þegar yfirkjörstjórn kjördæmis hefur tekið á móti kjörgögnum frá landskjörstjórn þarf hún að varðveita þau með öruggum hætti þar til yfirkjörstjórnnum sveitarfélaga eru afhent kjörgögnin, en það þarf að gera tímanlega fyrir kjörfund.

Kjörseðla á að jafnaði að afhenda milliliðalaust til yfirkjörstjórna sveitarfélaga, en ef ekki þarf að senda þá með traustum og rekjanlegum hætti í vönduðum og innsigliuðum umbúðum.

Innsigli

Kjörstjórnir skulu tryggja að innsigli í vörslu þeirra séu ávallt geymd með tryggum og öruggum hætti.⁷

Kjörstjórnir þurfa að innsigla ýmislegt. Í reglum um gerðabækur kjörstjórna og innsigli við kosningar er farið nákvæmlega yfir hvað eigi að innsigla. Heimilt er að nota innsigli við aðrar aðstæður þar sem talið er rétt að nota innsigli.⁸

Við rof á innsigli á þeim gögnum sem yfirkjörstjórn móttækur, s.s. á atkvæðakössum, skal hún gæta þess að raðtölunúmer sé það sama og raðtölunúmer sem kjörstjóri eða kjörstjórn hefur bókað um og varðveitt.⁹

⁷ 3. mgr. 32. gr. reglugerðar um kjörgögn og önnur aðföng við kosningar o.fl. nr. 500/2024

⁸ 19. gr. reglna um gerðabækur kjörstjórna og innsigli við kosningar nr. 1661/2023.

⁹ 11. gr. reglna um gerðabækur kjörstjórna og innsigli við kosningar nr. 1661/2023.

Afhending kjörgagna fyrir flokkun atkvæða

Á kjördag ákveða yfirkjörstjórnir hvort og hvenær þær taka á móti atkvæðakössum til flokkunar frá kjörstöðum sem skipta um atkvæðakassa í samráði við yfirkjörstjórnir þeirra sveitarfélaga.

Tölur um kjörsókn

Yfirkjörstjórnir þurfa m.a. að bóka í gerðabók upplýsingar um kjörsókn.¹⁰

Yfirkjörstjórn þarf að ákveða hvernig tölum um kjörsókn í kjördæminu er safnað og hvenær, t.d. hvort það sé gert yfir daginn og þá með hvaða hætti. Gott er að gera þetta í samráði við yfirkjörstjórnir sveitarfélaga eða undirkjörstjórnir ef við á.

Afhending kjörgagna að loknum kjörfundi

Ákveða þarf hvernig flutningi atkvæðakassa á talningarstað er háttað.

Yfirkjörstjórn sveitarfélags skal sjá til þess, eins fljótt að verða má, eftir að kjörfundi lýkur, að yfirkjörstjórn kjördæmis séu afhent kjörgögn úr öllum kjördeildum sveitarfélags.¹¹ Það skal gert með öruggum og rekjanlegum hætti og skulu gögnin **ávallt vera í vörslu a.m.k. tveggja einstaklinga sem kjörstjórn velur.**¹²

Flokkun og talning atkvæða og frágangur að lokinni talningu

Talning atkvæða í forsetakjöri fer fram á ábyrgð yfirkjörstjórnar kjördæmis. Leiðbeiningar um talningu atkvæða verða gefnar út síðar.

Úrslit kosninga

Landskjörstjórn mun tilkynna um niðurstöður kosninganna u.þ.b. 25. júní. Kjörtímabil nýs forseta hefst 1. ágúst og endar 31. júlí 2028.¹³

Úrskurðarnefnd kosningamála

Úrskurðarnefnd kosningamála tekur til úrskurðar kærur er varða kosningar og kosningaframkvæmd¹⁴

Nánari upplýsingar um úrskurðarnefnd kosningamála er að finna á vef stjórnarráðsins:

[Úrskurðarnefnd kosningamála](#)

Umboðsmenn

Umboðsmenn eru mikilvægir við eftirlit með kosningunum og ber yfirkjörstjórnnum að taka vel á móti þeim við störf sín.

¹⁰ 8.tl. 6. gr. reglna um gerðabækur kjörstjórna og innsigli við kosningar nr. 1661/2023.

¹¹ 7. mgr. 36. gr. um kjörgögn og önnur aðföng við kosningar o.fl. nr. 500/2024

¹² 1. mgr. 37. gr. reglugerð um kjörgögn og önnur aðföng við kosningar o.fl. nr. 500/2024

¹³ 6. gr. stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944

¹⁴ 22. gr. kosningalaga nr. 112/2021

Yfirkjörstjórn hvers kjördæmis gefur út skilríki fyrir umboðsmenn og aðstoðarmenn þeirra í kjördæmi sínu. Landskjörstjórn hefur útbúið sniðmát fyrir yfirkjörstjórnir sem má nota og plastvasa utan um þau.

- Yfirkjörstjórn þarf að tilkynna umboðsmönnum hvar og hvenær flokkun atkvæða og talning fer fram – a.m.k. sjö dögum fyrir kjördag.¹⁵
- Yfirkjörstjórn heldur upplýsingafund með umboðsmönnum um flokkun og talningu atkvæða þar sem farið er yfir hlutverk allra aðila, reglur og heimildir umboðsmanna.¹⁶
- Umboðsmenn eiga að fá aðstöðu á flokkunar- og talningarstað.¹⁷
- Fundarreglur yfirkjörstjórna þurfa að vera aðgengilegar umboðsmönnum.

Við talningu atkvæða þarf yfirkjörstjórn að tilnefna tengilið við umboðsmenn. Umboðsmenn eiga þá að vera í samskiptum við þann tengilið en ekki t.d. beint við starfsfólk talningar nema yfirkjörstjórnin heimili annað. Nánar verður fjallað um hlutverk umboðsmanna við talningu í leiðbeiningum um talningu.

Umboðsmönnum er heimilt að gera ýmislegt til þess að sinna eftirliti með kosningaframkvæmdinni. Hér eru dæmi um það sem umboðsmönnum er heimilt og einnig um það sem þeim er óheimilt:

Umboðsmenn mega:

- Innsigla öll gögn sem kjörstjórn/kjörstjóri innsiglar.¹⁸
- Bóka athugasemdir sem þeir hafa í gerðabækur kjörstjórna og skrá kjörstjóra.¹⁹
- Vera viðstaddir:
 - kjörfund sem og undirbúning og frágang á kjörfundi²⁰,
 - flokkun atkvæða og talningu²¹
 - þegar yfirkjörstjórn úrskurðar um hvort kjörseðill er gildur eða ógildur og þegar utankjörfundaratkvæði eru tekin til úrskurðar²²

Umboðsmenn mega ekki:

- trufla framgang kosninga, flokkunar atkvæða eða talningar,
- taka með sér síma, tölvu, heyrnartól, snjallúr eða annað fjarskiptatæki við flokkun og undirbúning talningar²³,
- vera í beinum samskiptum við starfsfólk sem vinnur að flokkun og talningu (nema yfirkjörstjórn heimili annað)²⁴,

Óleyfilegur kosningaáróður og kosningaspjöll

Ný reglugerð hefur tekið gildi um óleyfilegan kosningaáróður.²⁵

¹⁵ 21. gr. reglugerðar um réttindi og skyldur umboðsmanna við framkvæmd kosninga nr. 499/2024 (hér eftir umboðsmannareglugerð)

¹⁶ 9. gr. umboðsmannareglugerð

¹⁷ 2. mgr. 20. gr. umboðsmannareglugerð

¹⁸ 11. gr. umboðsmannareglugerð

¹⁹ 12. gr. umboðsmannareglugerð

²⁰ 17. gr. og 20. gr. umboðsmannareglugerð

²¹ 22. gr. umboðsmannareglugerð

²² 5. mgr. 20. gr. reglugerðar um talningu atkvæða nr. 447/2024

²³ 23. gr. umboðsmannareglugerð

²⁴ 23. gr. umboðsmannareglugerð

²⁵ 4. gr. reglugerðar um óleyfilegan kosningaáróður, kosningaspjöll og aðra starfsemi sem truflar eða hindrar framkvæmd kosninga nr. 444/2024.

Markmið reglugerðarinnar er að kosningar geti farið fram með friðsamlegum hætti og öryggi og framkvæmd kosninga sé tryggð. Á kjörstað ber kjörstjórnnum að sjá til þess að hvorki fari fram óleyfilegur kosningaáróður eða kosningaspjöll né önnur starfsemi sem truflar eða hindrar framkvæmd kosninga.

Á kjörstað er óheimilt að hafa í frammi hvers konar kosningaáróður. **Það á við um bygginguna sem atkvæðagreiðslan fer fram í og á lóð hennar.** Þetta er breyting frá því sem áður var.

Það telst **ekki** til kosningaáróðurs þótt umboðsmenn framboða beri skilríki þar sem fram kemur nafn framboðs þess sem þeir starfa fyrir.

Landskjörstjórn hefur gert tillögu að fundarreglum fyrir yfirkjörstjórnir, sem heimilt er að nota og aðlaga að hverri yfirkjörstjórn. Þegar þær hafa verið undirritaðar af yfirkjörstjórninni má senda þær á postur@landskjorstjorn.is til birtingar á kosning.is.

Óheimilt er aðhafast nokkuð sem getur spilt umhverfi, aðföngum eða öðru sem haft getur áhrif á framkvæmd kosninga. Jafnframt er óheimilt að hafa í frammi hegðun sem ógnað getur öryggi og truflað framkvæmd kosninga.

Bókanir í gerðabækur

Yfirkjörstjórnir kjördæma skulu bóka um eftirfarandi í gerðabók á kjördegi:²⁶

1. Hvert er aðsetur kjörstjórnarinnar og hver er oddviti hennar. Ef yfirkjörstjórn ákveður að umdæmiskjörstjórn sé kosin þá hverjir séu nefndarmenn hennar og staðsetningu skv. 3. mgr. 16. gr. kosningalaga.
2. Hvar og hvenær talning atkvæða mun fara fram, skv. 2. mgr. 98. gr. kosningalaga.
3. Móttöku kjörgagna frá landskjörstjórn.
4. Afgreiðslu og útsendingu kjörgagna til kjörstjórna ásamt raðnúmerum innsigla.
5. Ónotaða kjörseðla í vörslum yfirkjörstjórnar og tilhögun vörslu.
6. Móttöku utankjörfundaratkvæða, skv. 92. gr. kosningalaga.
7. Hvaða einstaklingum er falið að flytja kjörgögn frá kjörstað á talningarstað.
8. Kjörsókn í kjördæminu.
9. Flokkun atkvæða fyrir lok kjörfundar skv. 2. mgr. 99. gr. kosningalaga, þ.m.t. um móttöku atkvæðakassa, hvenær flokkun hefst, hvenær rými þar sem flokkun fer fram er lokað og af hverjum, hvaða fulltrúar yfirkjörstjórnar eru viðstaddir sem og umboðsmenn og kosningaeftirlitsmenn og hvenær rými er opnað.
10. Upphaf og lok kjörfundar, flokkunar og talningar.
11. Hvenær og hvernig boðun umboðsmanna til að vera viðstaddir talningu atkvæða, framkvæmd hennar og uppgjóri er háttað, skv. 2. mgr. 100. gr. kosningalaga.
12. Hvaða umboðsmenn og kosningaeftirlitsmenn eru viðstaddir talningu.
13. Grundvöll áminningar og brottvísunar umboðsmanns ef við á, ef umboðsmaður fylgir ekki lögum og reglum eða viðhefur háttsemi sem raskar eða truflar framkvæmd kosninganna, flokkunar eða talningu.
14. Móttöku atkvæðakassa og kjörgagna frá yfirkjörstjórnnum sveitarfélaga eftir lok kjörfundar og hverjir afhenda gögnin.
15. Framvindu talningar, ákvarðanir tengdar talningu og hvenær niðurstaða liggur fyrir.
16. Um vörslu gagna ef hlé eða frestun verður á talningu.
17. Fjöldi fylgibréfa sem koma til skoðunar yfirkjörstjórnar og hve mörg utankjörfundaratkvæði eru talin ógild vegna vankanta á þeim.
18. Fjöldi ágreiningsatkvæða sem koma til úrskurðar, hve mörg eru metin gild og fyrir hvaða framboð eða svarkost, hve mörg ógild og af hvaða ástæðu og hve mörg er ágreiningur um gildi við umboðsmenn.
19. Niðurstöðu talningar, skv. 107. gr. kosningalaga.
20. Fjöldi ónýtra kjörseðla.
21. Fjöldi óvistaðra atkvæða (utankjörfundaratkvæði).
22. Fjöldi auðra atkvæða.
23. Fjöldi ágreiningsseðla sem sendir eru landskjörstjórn skv. 3. mgr. 99. gr. kosningalaga.
24. Tilkynningu um niðurstöðu talningar við kosningar til Alþingis, skv. 107. gr. kosningalaga.
25. Frágang kjörgagna og vörslu þeirra ásamt raðnúmeri innsigla.
26. Skýrsluskil til landskjörstjórnar, skv. 106. gr. og 120. gr. kosningalaga.
27. Eyðingu kjörgagna að loknum kosningum.
28. Frestun kosninga eða uppkosningu ef við á og af hvaða ástæðu, skv. 124. gr. kosningalaga.
29. Hverjir eru umboðsmenn framboða, boðanir, samskipti, upplýsingagjöf, athugasemdir sem þeir vilja fá bókaðar og annað það sem skiptir máli, sbr. X. kafla kosningalaga og reglugerð um umboðsmenn.
30. Aðrar ákvarðanir, afgreiðslur eða upplýsingar sem varða undirbúning og framkvæmd kosninga samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða eðli máls.

²⁶ 6. gr. reglna um gerðabækur kjörstjórna og innsigli við kosningar